

# Hafgýgur



Það var einu sinni í **fyrndinni** konungur og drottning. Þau áttu eina dóttur barna. Þegar hún fæddist, **mæltu** nornir fyrir henni **jóðmæli** að **vana forntíðarinnar**. Gáfu þær henni marga hamingju: fagan vöxt og **fríðleika**, **auðsæld** og gott **gjaforð**; reiddist þá ein nornin og þótti mikið um mælt, en **lítið skotið til sinna ummæla**; skóp henni því, að hún skyldi verða að sjóskrímsli níunda hverja nótt, þegar hún giftist og aldrei úr þeim **álögum** komast, nema hún gæti búið svo saman við mann sinn í þrjú ár að hann og enginn annar yrði þessa **vís** eður og svo spakan, að þó upp kæmist hið sanna um **hamskipti** hennar, skyldi hann hvorki **opinbera** það, reiðast því né týna **ást** sinni við hana. En ef öðruvísi færi, skyldi hún **steypast** í sjóinn og aldrei úr þeim **ánauðum** komast; en söngrodd skyldi hún hafa svo fagra að allar **skepnur** sæfði.

**Mær** þessi **ólst** upp í ríki föður síns með fegurð og **sóma**, ástsæl af **alþýðu** manna. En er hún kom til aldurs, var hún gift ágætum konungssyni. Fór svo fram í tvö ár að hún hvarf úr **hvílu** hans til óskapanna níunda hverja nótt, en á þriðja ári varð hann þessa var að hún hvarf úr hvílu hans; fór því að hafa nákvæmari gætur á henni. Eina nótt veitti hann henni **eftirför**. Hélt hún á undan til sjávar og að einum helli. En er hann kom að hellinum, sér hann hvar hún er að synda í vatni í hellinum, maður niður að mitti, en fiskur að neðan. Sneri hann síðan heim í **rekkju** sína. Að stundu liðinni kemur hún aftur og ætlar í hvílu til bónda síns. **Skipar** hann henni þá, „illum ormi“, að fara í burtu. Sneri hún þá í burt aftur með gráti miklum. En er hún hvarf, var hún **þunguð** og ól börn sín í sjó, og þaðan eru allar margýggjur komnar.